

66. kirkjuþing 2024 - 2025

23. mál – þskj. 23a

T I L L A G A

að starfsreglum um brottfall starfsreglna um þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar. nr. 56/2021-2022.

Flm. Bryndís Malla Elíðóttir, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Stefán Magnússon.

1. gr.

Starfsreglur um þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022 falla brott frá og með 1. nóvember 2024.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Starfsreglur um þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022 voru samþykktar í kjölfar þess að biskupsstofu var skipt upp í tvö ábyrgðarsvið, biskupsstofu og rekstrarstofu. Á þeim tíma þótti rétt að skýra verkswið, ábyrgð og samstarf í starfsreglum, þar sem um mikla breytingu var að ræða á skipuriti kirkjunnar.

Flutningsfólk telur ekki lengur þörf á starfsreglunum þar sem samþykkt hefur verið nýtt skipurit fyrir Þjóðkirkjuna þar sem ábyrgðarsviðin koma skýrt fram. Einnig telur flutningsfólk ekki þörf á ákvæði í starfsreglum sem lúta að sjálfsögðum samskiptareglum og almennum viðmiðunum á vinnustað.

Samþykkt tillögu þessarar felur ekki í sér kostnað fyrir Þjóðkirkjuna.